
F U N D A R G E R Ð

Fundur: Raforkuhópur 2006-08
Fundartími: Þriðjudagur 5. desember 2006 kl. 12:00
Fundarstaður: Hótel Nordica
Fundarefni: 1) Raforkunotkun stóriðju.
2) Vinnutilhögun hópsins og reynslan af starfi ársins.
3) Undirbúningur verkefna ársins 2007
4) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn: Gunnar Aðalsteinsson
Pétur E. Þórðarson
Íris Baldursdóttir
Sigurður Ágústsson
Agnar Árnason
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson
Landsnet: Ásgeir Sigtryggsson
Fjarverandi: Ívar Þorsteinsson

- 1) JV nefndi að hann hefði séð gögn frá Landsvirkjun um orkusölu til stóriðju og væri þær tölur aðeins öðruvísi en tölurnar í raforkuspánni. Íris sagði að Landsnet væri að skoða þessar tölur þar sem þau hefðu einnig rekist á þetta. Hún ætlar að senda JV nýjar tölur þegar þær liggja fyrir.
- 2) JV sagði að fundist hefði villa í töflu í viðauka þar sem notkunin er greind niður á aðveitustöðvar. Búið væri að laga þessar töflur, en villur voru í Sómastöðum og Brennimeil, og sett var ný útgáfa af spánni á netið. Íris sagði að þægilegt væri fyrir þau að fá í framtíðinni viðbótartöflur sem einungis væru með orkunni sem fer um Landsnet.
- 3) JV sagðist hafa farið á fund Þorkels og Ragnheiðar á Orkustofnun í gær. Þau hafa hug á því að taka meira af vinnunni fyrir orkuspárnefnd inn til Orkustofnunar, sérstaklega gagnasöfnunina. Aðallega hefur í þessu sambandi verið talað um eldsneytishópin og orkuspárnefnd en óljóst væri hvaða áhrif þetta hefur á starfið fyrir raforkuhópinn. Íris benti á að Landsnet kostaði starf raforkuhóps til jafns við Orkustofnun og þyrfti stofnunin því að ræða slíkar breytingar við Landsnet.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:00. Næsti fundur ákveðinn 6. febrúar 2007.

Jón Vilhjálmsson